

haust 2006



## Foreldrafélag og foreldraráð 2006-2007

Foreldrasamstarf í Grunnskóla Seltjarnarness byggist á virkri þátttöku foreldra, kennara, skólastjórnenda og skólanefndar. Á hverju ári kjósa foreldrar fulltrúa í foreldraráð og foreldrafélag auk þess að velja a.m.k. tvo bekkjarfulltrúa í hverjum bekk. Meginmarkmið foreldrasamstarfs í Grunnskóla Seltjarnarness er að efla samstarf heimila og skóla þannig að sem flestir foreldrar séu virkir í mótun skólasamfélagsins og hafi jákvæð viðhorf til skólans og til samstarfs foreldra. Það er trú foreldrafélagsins að öflugt samstarf heimila og skóla leiði af sér öflugra skólastarf, bættu líðan nemenda og betri námsárangur.

### Efnisyfirlit

|                            |   |
|----------------------------|---|
| Nýtt foreldrafélag- og ráð | 1 |
| Vissir þú að...            | 1 |
| Hvað er framundan          | 1 |
| Fyrirlestur Þórkötlu       | 2 |
| Frábært framtak            | 2 |
| Stærðfræðinámskeið         | 2 |
| Fréttir úr Selinu          | 3 |
| Mötuneytismál í Való       | 3 |
| Adrenalíngarðurinn         | 4 |
| Dagskráin framundan        | 4 |
| Hugmyndabankinn            | 4 |
| Félagsgjöld                | 4 |

Foreldrafélög Valhúsaskóla og Mýrarhúsaskóla voru eins og kunnugt er sameinuð síðasta vor. Í stjórn foreldrafélags grunnskóla Seltjarnarness eru eftirtaldir fulltrúar

**Helga Sverrisdóttir formaður -helgasverris@hotmail.com**  
**Sigríður Dóra Magnúsdóttir ritari -sigridurdora@islandia.is**  
**Sólveig Dóra Magnúsdóttir gjaldkeri- solly@vortex.is**  
**Sjöfn Þórðardóttir- larussjofn@simnet.is**  
**Hjálmfríður Kristinsdóttir-hjallaogoli@simnet.is**  
**Kalla Björg Karlsdóttir- k.karlsdottir@radissonsas.com**  
**Svandís Bergmannsdóttir -svandis@mi.is**  
**Sigurður Brynjólfsson -sb@hi.is**  
**Theodora Reynisdóttir- grandaskoli@hr.is**

Stjórn foreldraráðs árið 2006 - 2007

**Birna Helgadóttir ritari, birna@alta.is,**  
**Kristín Gísladóttir kjg@ grandaskoli.is,**  
**Sigurlína Margrét Magnúsdóttir formaður lina@ grandaskoli.is**  
**Svandís Bergmannsdóttir svandis@mi.is**

## Vissir þú að...

.....Nú starfa foreldrafélög Mýrarhúsaskóla og Valhúsaskóla undir einu merki Foreldrafélags grunnskóla Seltjarnarness

.....að heimasíðan [www.nesforeldrar.is](http://www.nesforeldrar.is) hefur nýlega verið tekin í notkun. Þar eru upplýsingar frá okkur og möguleiki fyrir ykkur að hafa samband.

.....Foreldrafélög Grunnskóla Seltjarnarness og foreldraráð hafa látið útbúa sérstaka Foreldrahandbók?

.....Að með þrautseigju og

baráttu foreldraráðs og -félags er loksins að komast skriður á mötuneytismál í Valhúsaskóla-þau verða farin að fá soðna ýsu fyrr en varir!

..... Foreldrafélag Grunnskóla Seltjarnarness býður nemendum í leikhús á hverju ári?

.....Unglingarnir okkar eru alveg frábærir eins og sjá má á [www.selid.is](http://www.selid.is). m.a eru þau nýbúin að vinna til verðlauna í myndbandasamkeppni. ....frímínútnagæsla í Mýró hefur verið stórbætt með virkri þátttöku kennaranna í gæslunni!

### Hvað er framundan?

#### Nóvember

Haustfréttabréf 7.nóv.  
Stærðfræðinámskeið fyrir foreldra 9.nóv.  
Stjórnarfundur 20.nóvember

Laufabrauðsbakstur 25.nóv

#### Desember


Jólabókakynning 6.des. í

bókasafninu á Eiðistorgi

#### Janúar

Prettándabrennan 6.jan.

## Fyrirlestur um samskipti foreldra og unglinga- Þórkátla Aðalsteinsdóttir sálfræðingur



Samskipti foreldra  
og unglinga hefur  
verið mjög  
áberandi  
umræðuefni á  
Nesinu í haust

Þann 4. október síðastliðinn fékk foreldrafélagið Þórkötlu Aðalsteinsdóttur sálfræðing til að koma og halda fyrirlestur um samskipti foreldra og unglinga. Fyrirlesturinn var haldinn á nýja bókasafninu í Valhúsaskóla og er frábært að segja frá því að bókasafnið fylltist af áhugasömum foreldrum sem var augljóst að könnuðust mjög vel við „sinn“ ungling í þeirri mynd sem dregin var upp af unglungum

og þeim, á stundum, vanda sömu verkefnum sem fylgja uppeldi þeirra. Miklar umræður vöknudu og almenn ánægja var með fyrirlesturinn. Við í foreldrafélaginu vorum sérlega ánægð með skoðun Þórkötlu á foreldraröltinu sem hún vill meina að sé samfélagsleg skylda okkar til að halda unglungum frá neikvæðu hegðunarmynstri.

**Upplýsingar um Þórkötlu er að finna á heimasíðunni [lifogsal.is](http://lifogsal.is)**

### Frábært framtak - Þið eigið hrós skilið:

- ❖ Starfsfólk Selsins! Þið eruð frábær, takk fyrir okkur!
- ❖ Glitnir á Eiðistorgi fyrir styrk til ferðar 10. bekkjar í Adrenalíngarðinn
- ❖ Þórkátla Aðalsteinsdóttir fyrir skemmtilegan og fræðandi fræðslufund um samskipti foreldra og unglinga.
- ❖ Sveinn Logi foreldri í bekk fyrir að hafa frumkvæði að ferð 10. bekkjar í Adrenalíngarðinn.
- ❖ Pabbarnir úr 10. bekk sem komu með í ferðina!
- ❖ Helga Margrét Guðmundsdóttur frá samtökunum Heimili og skóli fyrir fróðlega kvöldstund með bekkjarfulltrúum og foreldrum í september
- ❖ Forvarnarfulltrúinn á Seltjarnarnesi Sigrún, sem styður okkur með ráð og dáð. Þess má geta að Sjöfn Þórðardóttir tók að sér að sitja fundi vímuvarnarráðs í vetur og kunnum við henni bestu þakkir fyrir.
- ❖ Krakkarnir í Való fyrir að tileinka sér nýja síði í mötuneytinu á met tíma
- ❖ Bekkjarfulltrúar og foreldrar fyrir að standa sig frábærlega í foreldraröltinu!



### Námskeið í „nýju“ stærðfræðinni

Þann 9 nóvember nk. Stendur foreldrafélagið í samvinnu við Mýrarhúsaskóla fyrir stærðfræðinámskeiði fyrir foreldra. Mikið hefur verið rætt um stærðfræðinámskeiði sem er kennt í skólanum og sumum fundist erfitt að átta sig á þeim aðferðum sem notaðar eru í því. Mikil umræða hefur skapast á námsefniskynningum og annars staðar þar sem foreldrar koma saman. Við höfum því fengið Jónínu Völu Kristinsdóttur í Kennaraháskólanum sem er einn af höfundum Geisla og Eddu Óskarsdóttur deildarstjóra í Mýrarhúsaskóla til að sjá um þetta námskeið, sem er ein kvöldstund og hefst klukkan 19:30 í sal skólans. Vonast er til að foreldrar sjái sér fært að koma til að skapa jákvæðara viðhorf og auka þekkingu þeirra stærðfræði sem börnin okkar eru að læra.



## Fréttir úr Selinu

Foreldraröltið er sjálfboðastarf foreldra og er vanalega skipulagt af foreldrafélaginu í viðkomandi skólahverfi. Markmiðið er að virkja foreldra til samstöðu um að virða reglur um útivist barna og unglunga og að koma í veg fyrir óæskilega hópamyndun unglunga eftir að lögbundnum útivistartíma er lokið. Foreldraröltið gefur okkur jafnframt tækifæri til að kynnst öðrum foreldrum og því umhverfi sem við og börnin okkar búum í.

Foreldraröltið á Seltjarnarnesi er starfrækt yfir vetrarmánuðina og er rölt á föstudags- og laugardagskvöldum. Skipulag er unnið af Selinu í samvinnu við foreldrafélag. Bekkjaráðsfulltrúar 8, 9, og 10. bekkjar fá úthlutað ákveðnum helgum en fulltrúarnir raða sjálfir foreldrum á vaktir. Reynslan af þessu fyrirkomulagi er góð og er þátttaka í foreldraröltinu betri fyrir vikið.

*Markmiðið er að virkja foreldra til samstöðu um að virða reglur um útivist barna og unglunga...*

Hauststarf Selsins hefur farið vel af stað. Unglingarnir hafa verið mjög duglegir og afkastamiklir í félagslífinu. Það eru mörg verkefni í gangi og klúbbarnir sérstaklega öflugir.

Helstu viðburðir sem boðið hefur verið upp á á haustönn: Opnunarball Selsins, nýnemaball, forvarnardagar, ferðalag 10. bekkjar í Adrenarlingarðinn, Gróttuferð félagsmálafræðibekkja, Leiklistarsmiðja Selsins og ýmsir viðburðir í kringum klúbbastarfið.

## Allir í röð í mötuneytinu -sjálfsagt mál!

Mötuneytismál í Valhúsaskóla og bætt “raðmenning”- er eitt af þeim málum sem foreldraráð og foreldrafélagið hefur barist mikið fyrir undanfarin misseri. Staðan hefur lengi verið þannig í mötuneytinu að krakkarnir fóru ekki í neina röð en tróðust til að komast að. Það þarf ekki frjótt ímyndunarafl til að sjá hvaða börn verða alltaf fyrst í þeim slag....auk þess sem það er ekki gott veganesti út í lífið að venja sig á svona framkomu. Í haust var hins vegar tekið upp breytt fyrirkomulag og nú fara allir í röð og er það að heyra á unglungunum okkar að þau eru hæstánægð með þetta. Kennarar og nemendur hafa hjálpast að við að halda utan um þetta nýja fyrirkomulag og eru allir sammála um að raðamyndun í mötuneytinu hafi gengið mjög vel

*...nú fara allir í röð...*

Einnig hefur lengi verið barist fyrir því að Valhúsaskóli bjóði upp á fjölbreyttan heimilismat líkt og í Mýró, þau börn sem hafa vanist góða heimilismatnum hjá Jóa kokk verða fljótt leið á pizzum pylsum og grjónagraut. Nú gæti verið lausn í sjónmáli en á skólanefndarfundi fyrir skömmu kom fram mikill vilji til að koma þessum málum í lag, og í raun er einungis spurning um hvernig eigi að útfæra þetta að sögn skólastjórnenda.

Gaman er að geta þess að hluti af kvikmyndaklúbb Selsins, þau Þórunn Guðjónsdóttir, Sæmundur Rögnvaldsson, Sunna María Helgadóttir, Anna Bergljót Gunnarsdóttir og Ingólfur Arason unnu til 1. verðlauna í myndbandasamkeppni Vinnueftirlits Ríkisins. Myndbandið fjallar um öryggi á vinnustað og vinnuvernd. Myndbandið vakti mikla athygli fyrir frumleika og fagleg vinnubrögð. Mjög skemmtilegt en fræðandi um leið.

Útvarp EBBI er að fara í gang og verður starfræktur dagana 28. okt. til 3. nóv. Dagskrárgerðarmenn eru úr 8., 9., og 10. bekk. Útsending hefst laugardaginn 28. okt. kl. 14.00 á bylgjulengdinni fm 100.5

Undirbúningur fyrir 1. des. er hafinn og voru áheyrnarprufur fyrir leikritið haldnar þann 26. okt. Metaðsókn var í prufurnar og ríkir mikil spenna og gleði hjá 10. bekk í kringum þessa skemmtun.

7. bekkur er í Selinu á þriðjudögum milli kl. 17.-19:00. Ýmislegt hefur verið á dagskránni. Það er búin að vera góð þátttaka og mikið fjór á þessum dögum.

Það er margt fleira á döfinni og bendum við öllum að kíkja inn á heimasíðu Selsins á veffangið <http://www.solid.is>

## Ferð 10. bekkinga í Adrenalíngarðinn

.Þann 14. október sl. var farið með krökkunum í 10. bekk í Adrenalin garðinn (www.adrenalin.is). Ferðin var farin að frumkvæði foreldra í þeim tilgangi að gera eitthvað skemmtilegt með þessum hóp eftir fremur leiðinlega umræðu um unglíngana okkar hér á nesinu undanfarið. Ferðin var skipulögð af Selinu og foreldrar fengir til að koma með til aðstoðar. Stuðningsaðilar voru fengir til að standa straum af hluta af kostnaði, en svo borguðu krakkarnir líka á móti. Þökkum við Glitni á Eiðistorgi og forvarnarsjóði Seltjarnarness fyrir stuðninginn. Það er skemmst frá því að segja að ferðin var

söguleg, þessi laugardagur var afar vindasamur og blautur svo ekki sé meira sagt. Bráðskemmtilega ferðasögu má lesa á heimasíðu Selsins, [www.selid.is](http://www.selid.is).

Frábært framtak og gott dæmi um samvinnu sem skilar árangri, og frábært þegar foreldrar sýna frumkvæði!



**Fundargerðir foreldrafélags og foreldraráðs er að finna á [www.nesforeldrar.is](http://www.nesforeldrar.is)  
Þar kemur fram ýmislegt fróðlegt um skólastarfið-endilega fylgist með!**

**Foreldrafélagið  
vonar að allir  
hafi haft það  
gott í  
vetraleyfinu!!**

### Félagsgjöld

Á nýafstöðnum fundi stjórnar foreldrafélagsins var ákveðið að hvert barn skyldi greiða sama gjald til foreldrafélagsins. Enginn systkinaafsláttur verður en félagsgjaldi stillt í hóf. Innheimt verður eftir áramót. Foreldrar á nesinu hafa alltaf verið sérlega skilvísir og er það okkar von að svo verði áfram til að hægt sé að halda uppi öflugum foreldrarstarfi!

### Ertu bekkjarfulltrúi?

Hér eru nokkrar hugmyndir fyrir bekkjarfulltrúa að ýmsu sem hægt er að gera með bekknum...

- félagsvist
- gönguferð/fjallganga (t.d. með gistingu í skála eina nótt)
- gista í Gróttu
- skákkvöld
- bingó
- ganga (með leiðsögn), t.d. í Óskjuhlíð
- hittast á kaffihúsi
- fara í bíó
- jólaföndur
- búa til keramikgripi á verkstæði úti í bæ
- íþróttadagur - nemendur keppa við foreldra
- sund
- keila-alveg svakalegar gaman

